

Hafnarfjörður 11.júní 2013

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir  
Bæjarstjóri Hafnarfjarðar  
Ráðhús Hafnarfjarðar  
Strandgata 6  
220 Hafnarfjörður

Erindi vegna framtíðar Framhaldsskólabrautar Hafnarfjarðar.

Í síðustu viku, miðvikudaginn 5. júní, var undirrituðum kennurum Framhaldsskólabrautar Hafnarfjarðar, tilkynnt að ákveðið hefði verið að leggja brautina niður. Ákvörðun sem kom að miklum óvörum þar sem á þeim tíma höfðu 20 nemendur skráð sig inn á brautina haustönn 2013 (ýmist í fyrsta eða annað val) auk þess sem a.m.k. þrír nemendur frá síðastliðnu skólaári höfðu óskað eftir áframhaldandi skólavist. Vænta mátti að enn fleiri myndu bætast í hópinn þegar framhaldsskólamir lykju úrvinnslu umsóknna. Sú hefur verið raunin síðastliðin ár. Ákvörðun um lokun brautarinnar er sögð byggð á því að hún standi ekki undir sér fjárhagslega og geta framhaldsskólamir í Hafnarfirði, Íönskólinn og Flensborgarskólinn, ekki lengur staðið undir rekstri brautarinnar.

Á síðastliðu ári hefur verið lögð mikil vinna í að kynna brautina fyrir námsráðgjöfum og stjórnendum grunnskólanna í Hafnarfirði, undirritaðar vita til þess að örlög brautarinnar hafa valdið óánægju innan skólakerfisins. Mikill meirihluti þeirra nemenda sem sækja um skólavist við brautina eru búsettur í Hafnarfirði og hafa verið nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar, auk þess er brautin eðlilegt framhald fyrir flesta þá nemendur sem ljúka grunnskólagöngu sinni við Fjölnárm Lækjarskóla. Kennarar brautarinnar hafa fundað mánaðarlega með Félagsþjónustu Hafnarfjarðar auk þess sem umsjónarmaður brautarinnar hefur setið fundi með bakhópi. Þetta samstarf teljum við vera ómetanlegt og eru undirritaðar þakklátar fyrir það.

Eins og aðstæður eru í þjóðfélginu í dag finnst undirrituðum það miður ef Framhaldsskólabrautin kemur ekki til með að starfa áfram í því formi sem hún er nú. Almenn ánægja í skólasamfélaginu, virðist vera með brautina og væri það mikil synd ef starfsemi hennar legðist af. Niðurstöður úttektar[1] sem gerð var á brautinni 2011 leiddi í ljós að brautin hefur sannað tilvist sína, bæði forráðamenn og nemendur eru ánægðir með starfið sem þar fer fram. Sérstaða brautarinnar liggur í smað hennar sem gerir það mögulegt að halda vel utan um hvern og einn nemanda. Stöðugt samtal á sér stað á milli kennara, nemenda og forráðamanna og smað hópanna gerir það mögulegt að veita öllum nám við hæfi. Stór hluti af starfi undirritaðra er að ræða við börnin, byggja upp sjálfsöryggi og sjálfsmynd þeirra og fá þau til að samþykkja að þau eru ekki „taparar” eins og mörgum þeirra hefur liðið í gegnum grunnskólagönguna, heldur að ef þau vilji þá geti þau. Undirritaðar hafa orðið vitni að því að börn hefji nám við brautina, ósjálfstæð og brotin en útskrifist frá brautinni sjálfsöruggari ungmenni og reiðubúnari fyrir frekara framhald hvort sem er í hinu almenna menntakerfi eða á vinnumarkaðinum. Starf kennara við Framhaldsskólabraut Hafnarfjarðar felur í sér að undirbúa þann jarðveg og telja undirritaðar að vel hafi til tekist sem fyrst og fremst má þakka miklu aðhaldi þar sem nemendur fá ekki að gleymast. Því óttast undirritaðar um framtíð þeirra barna sem nú ljúka grunnskólagöngu, og þeirra nemenda sem eru þegar skráðir nemendur við Framhaldsskólabraut Hafnarfjarðar, og þurfa áframhaldandi aðhald sem og persónuleg og einlæg samskipti við starfsfolk sem lætur sér annt framtíð þeirra. Að mati undirritaðra þá er nauðsynlegt að brautin starfi áfram í þeirri mynd sem hún er nú þ.e.a.s. að hún haldi áfram að vera sér námsframboð en ekki hluti af almennri braut, innan framhaldsskólans, þar sem margir starfsmenn koma að hverjum nemanda. Ennfremur hafa undirritaðar orðið varar við aukinn kvíða hjá nemendum og óöryggi við að fara inn í stærri einingu. Brautin, í því formi sem hún er nú, hefur sannað tilvist sína sem námsframboð fyrir

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	13-6-2013
Málsnr:	1306223
Bréfal:	224

brothætt bönn sem hafa fengið mikla aðstoð í grunnskóla og eru jafnvel, sum hver, félagslega illa stödd og ekki reiðubúin að stíga þetta stóra skref inn í almennan framhaldsskóla þar sem aðhald er minna og þau vilja týnast í fjöldanum sem aftur á móti eykur líkurnar á brottfalli. Af þessum sökum finnst undirrituðum það mikil synd ef breyta á út frá því sem gefist hefur vel og hefur án efa skilað sjálfstæðari og öruggari þegnum út í samfélagið en ella.

Undirritaðar vilja ítreka að ekki er slegið af kröfum hvað varðar innihald námsáfanga, nemendur sækja samskonar áfanga í grunnfögum og eru í boði í öðrum framhaldsskólum, en fá til þess þann tíma sem þeir þurfa til að ljúka námsmarkmiðum áfanganna, allt frá einni önn og upp í fjórar annir, þannig er námsefnið sniðið að þeirra þörfum. Við Framhaldsskólabraut hefur verið lögð mikil áhersla á sampættingu námsgreina, hópa- og samvinnu. Ætlunin er að þróa námið þannig að nemendur geti útskrifast með Framhaldsskólapróf að uppfylltum hæfnimarkmiðum eins og aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 kveður á um.

Undirritaðar hafa sent Mennta- og Menningarmálaráðuneyti erindi þar sem óskað er eftir fjármagni eyrnamerktu brautinni til hægt sé að þróa starfsemi hennar áfram. Erum við afar þakklátar fyrir þann stuðning sem Hafnarfjarðarbær hefur veitt starfseminni fram til þessa og þann stuðning sem við höfum fundið fyrir í skólasamféluginu, en því miður er það svo að betur má ef duga skal því myndi það styrkja stöðu Framhaldsskólabrautar Hafnarfjarðar verulega ef að Hafnarfjarðarbær væri reiðubúinn að auka framlag sitt til brautarinnar t.d. með niðurfellingu á húsaleigu og aðgangi að nettengingu. Við teljum einnig, til lengri tíma litið, að það sé bænum mjög í hag að brautin fái að starfa áfram í þeirri mynd sem hún er nú.

Við undirritaðar, kennrar við Framhaldsskólabraut Hafnarfjarðar viljum höfða til ábyrgðar og virðingar fyrir sérstöðu einstaklingsins. Menntun við allra hæfi krefst þess að hátt sé til lofts og vitt til veggja.

Með vinsemdu, virðingu og von um enn frekari stuðning

Sandra Borg Gunnarsdóttir  
Berglind Gunnarsdóttir  
Hanna Ólafsdóttir

Fh. kennara Framhaldsskólabrautar Hafnarfjarðar

  
Hanna Ólafsdóttir

ATH. Erindi þetta verður einnig sent bréfleiðis.

[1] [http://bella.stjr.is/utgafur/uttekt\\_a\\_fjolgreinabraut\\_laekjarskola.pdf](http://bella.stjr.is/utgafur/uttekt_a_fjolgreinabraut_laekjarskola.pdf)